

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á gjaldskrá nr. 1356/2018**  
**fyrir hundahald í Hveragerðisbæ**

1. gr.

1. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 15.000
Árgjald fyrir hundaleyfi	kr. 15.000

Eigendur skráðra hunda greiða ekki handsömunargjald í tvö skipti á ári.

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttar-vextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorku-lífeyris-þega.

2. gr.

Auglýsing þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 10. desember 2020 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

*Hveragerði, 10. desember 2020*

*Aldís Hafsteinsdóttir* bæjarstjóri.

